

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 6. desember kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 754. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Margrét Þormar, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Ingvar Jón Bates Gíslason og Hildur Gunnarsdóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. **Bergstaðastræti 10C, breyting á** (01.180.21) Mál nr. SN190286
deiliskipulagi Skjalnr. 13266

Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Helga Völundardóttir, Bergstaðastræti 10C, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lögð fram umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 10. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.2 vegna lóðarinnar nr. 10C við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst leiðrétting og breyting á lóðarmörkum og gerð byggingarreits fyrir tengibyggingu milli íbúðarhúss og skúrs á baklóðinni, samkvæmt uppdrætti Magnúsar Jenssonar dags. 19. nóvember 2015. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa að Bergstaðastræti 12 mótt. 4. desember 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. júlí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. sbr. 12. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

2. **Gefjunarbrunnur 18, Tvíbýlishús** (02.695.408) Mál nr. BN056966
Skjalnr. 14218

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 18 við Gefjunarbrunn, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu dags. 22. september 2019.

Erindi fylgir mæliblað 2.695.4 endurútgefið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4- B3 dags. september 2009. Stærðir: A- rými: 239.6 ferm., 815,2 rúmm. B- rými: 30.0 ferm., 89.4 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 0.94. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

3. **Lofnarbrunnur 10-12, Stoðveggur** Mál nr. BN056894
Skjalnr. 14007
640817-1510 Þórshing ehf., Frostabíngi 4, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055096, þannig að gerður er steypdur stoðveggur á suðurmörkum lóðar nr. 10 - 12 við Lofnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
4. **Þorláksgesli 45, (fsp) hleðslustæði við hlið fjölbýlishússins** (05.136) Mál nr. SN190506
Skjalnr. 10887
Nikulás Már Finnsson, Þorláksgesli 45, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Nikulásar Mús Finnssonar dags. 29. ágúst 2019 um að setja hleðslustæði/bílastæð á grasfleti við hlið fjölbýlishússins á lóðinni nr. 45 við Þorláksgesla. Einnig er lögð fram ljósmynd og loftmynd ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
5. **Efstasund 80, breyting á deiliskipulagi** (01.410.0) Mál nr. SN190403
Skjalnr. 5434
Þorsteinn Aðalbjörnsson, Eskivellir 17, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram umsókn Þorsteins Aðalbjörnssonar dags. 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðarinnar nr. 80 við Efstasund. Í breytingunni felst að bæta við nýjum byggingarreit fyrir bílskúr á lóð, samkvæmt uppd. Alta dags 2. desember 2019. Einnig eru lögð fram ítargögn/aðaluppdrættir Art stone slf. dags. 1. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Efstasundi 78 og 82 og Langholtsvegi 83, 85 og 87.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
6. **Engjasel 52-68, nr. 56 - bílastæði á lóð** (04.94) Mál nr. SN190704
Skjalnr. 9621
Regína Sigurðardóttir, Ásakór 1, 203 Kópavogur
Lögð fram umsókn Regínu Sigurðardóttur dags. 25. nóvember 2019 ásamt bréfi ódags. varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Seljahverfis, Fálkahóll norðurhluti, vegna lóðarinnar nr. 52-56 við Engjasel. Í breytingunni felst að heimilt er að veita sérafnotarétt fyrir eitt bílastæði í sameignargarði/á sameiginlegu torgi innan einkanot á hluta lóðar nr. 56 við Engjasel.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

7. **Fjólugata 19, Breytingar inni og úti - fjölgun** (01.185.513)
eigna

Mál nr. BN055935
Skjalnr. 13847

Guðjón Ingi Árnason, Fjólugata 19, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir þremur íbúðum í húsinu, auka salarhæð í kjallara, stækka bílskúr, breyta aðkomutröppum, stækka og sameina svalir á 2. hæð, fjarlægja skorstein og endurnýja þak, einnig er sótt um leyfi til að hækka þak og koma fyrir sorpgeymslu á lóð nr. 19 við Fjólugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 15. október 2019 til og með 12. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Flosi Kristjánsson f.h. eigenda Laufásavegar 48 dags. 16. október 2019 og Norska sendiráðið dags. 12. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Stækkun: Kjallari: 50,3 ferm., 133,2 rúmm. 3. hæð: 57,2 ferm., 145,9 rúmm. Samtals eftir stækkun: 621,5 ferm., 1.8350,2 rúmm. Svalir stækkun: 1. hæð: 30,7 ferm. 2. hæð: 10,7 ferm. 3. hæð: 10,5 ferm. Samtals svalir eftir stækkun: 72,1 ferm. Jafnframt er erindi BN053919 dregið til baka. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. mars 2019, Umsögn burðarþolshönnuðar Verkís dags. 23. ágúst 2019 og minnisblað Verkís um brunahönnun dags. 11. september 2019. Gjald kr. 11.200

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

8. **Bústaðavegur/Kringlumýrabraut,**
framkvæmdaleyfi

Mál nr. SN190432
Skjalnr. 12021

680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vegagerðarinnar dags. 15. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrabraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lagt fram teikningarsett Hnit verkfræðistofu dags. 10. júlí 2019, Hljóðvistarskýrsla dags. 24. október 2019, minnisblað um Hljóðvistarútreikninga við Bústaðavegdags. 25. október 2019 og Hljóðkort eftir breytingar við Bústaðaveg dags. 25. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 4. nóvember 2019 til og með 2. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jens Helgason og Guðrún Ragnars dags. 16. nóvember 2019, Logos lögmansþjónusta f.h. Hjörleifs Pálssonar og Helenu Hilmarsdóttur dags. 21. nóvember 2019 og íbúar við Beykihlíð og Birkihlíð dags. 30. nóvember 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Frakkastígur 14, (fsp) - Skrá sem íbúðarhús** (01.182.122)

Mál nr. BN054514
Skjalnr. 13763

Erla Sólveig Óskarsdóttir, Mjóahlíð 6, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. nóvember 2019 þar sem spurt er hvort leyft yrði að breyta eign 0103, sem nú er skráð sem geymsla, í íbúð á lóð nr. 14 við Frakkastíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.

10. **Bergstaðastræti 8, Svalalokun íbúð 0202** (01.171.210) Mál nr. BN056843
Skjalnr. 8546
Þorsteinn Ágúst Ólafsson, Bergstaðastræti 8, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að loka svölum íbúðar 0202 á 2. hæð húss á lóð nr. 8 við Bergstaðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Erindi fylgir afrit af ódagsettu samþykki hluta meðeigenda og samþykki arkitekts dags. 31. maí 2019. Samþykki meðeigenda dags. 14. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
11. **Bárugata 14, (fsp) hækkun húss** (01.136.2) Mál nr. SN190703
Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
441109-0240 Stáss Design ehf., Fiskislóð 24, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dags. 25. nóvember 2019 um hækkun hússins á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppd. Stáss Design ehf. dags. 22. nóvember 2019.
Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
12. **Básendi 12, Bílgeymsla** (01.824.015) Mál nr. BN056964
Skjalnr. 11581
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa bílageymslu, mhl.02, sem verður í eigu íbúðar 0201 í íbúðarhúsi nr. 12 við Básenda. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Stærðir: 35.0 ferm., 110.7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki er gerð skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
13. **Langholtsvegur 92, Kvistur - svalir** (01.430.004) Mál nr. BN056282
Skjalnr. 14057
Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Hverafold 40, 112 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst þar sem sótt er um leyfi til þess að gera kvist og svalir sem flóttaleið frá þakrými sem áður var geymsla, en breyta á í íbúðarrými og baðherbergi í húsi nr. 92 við Langholtsveg. Erindi var grenndarkynnt frá 4. nóvember 2019 til og með 2. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
Stærðir: xxx, ferm., xxx rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. júní 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019 Einnig fylgir bréf hönnuðar dags. 27. maí 2019. Gjald kr. 11.200 Einnig er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

14. **Bíldshöfði 10, Innréttá rými - 2.hæð** (04.064.002) Mál nr. BN056952
Skjalnr. 8563
Aðalsteinn Viðar Júlíusson, Stuðlasei 18, 109 Reykjavík
580413-2420 B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innréttá aðstöðu fyrir dansskóla á annarri hæð í vesturálmú og koma fyrir neyðarútgangi út á nýjan brunastiga á suðurhlið húss, á lóð nr. 10 við Bíldshöfða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019 samþykkt.
15. **Bræðraborgarstígur 24A, (fsp) hleðslustæði** (01.134.4) Mál nr. SN190706
á lóð Skjalnr. 12190
Jónas Margeir Ingólfsson, Bræðraborgarstíg 24A, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jónasar Margeirs Ingólfssonar dags. 26. nóvember 2019 um að setja bílastæði/hleðslustæði á lóð nr. 24A við Bræðraborgarstíg, samkvæmt tillögu/skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Faxafen 10, (fsp) breyting á notkun 2. hæðar** Mál nr. SN190700
hússins Skjalnr. 5252
Eggert Guðmundsson, Norðurgata 10, 801 Selfoss
Lögð fram fyrirspurn Eggerts Guðmundssonar dags. 18. nóvember 2019 um breytingu á notkun 2. hæðar hússins á lóð nr. 10 við Faxafen úr skrifstofu í 18 íbúða gististað í flokki II, samkvæmt tillögu Eggerts Guðmundssonar dags. 18. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2019 samþykkt.
17. **Laugateigur 46, Svalir - svalahurð -** (01.365.202) Mál nr. BN056967
þakgluggi Skjalnr. 12282
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugarnesvegur 56, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, byggja nýjar svalir ásamt svalahurð á vesturkvist og bæta við þakglugga yfir stiga upp á rishæð íbúðar 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Laugateig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.365.2 samþykktur af byggingarfulltrúa 1. ágúst 2017, afrit samþykktra aðaluppdráttar dags. 22. febrúar 1990, 22. maí 1986 og 2. október 1946, afrit af ódagsettri umsögn burðarvirkishönnuðar er varða teikningar dags. 18. janúar 2019 og afrit af samþykki meðlóðarhafa og varða teikningar dags. 18. janúar 2019. Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019.

18. **Sjafnargata 3, Viðbygging við íbúðarhús og niður rif bílskúrs** (01.196.012) Mál nr. BN056676
Skjalnr. 13195
Aðalheiður Magnúsdóttir, Sjafnargata 3, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypa viðbyggingu með flötu þaki, með gróðurþekju, sem verður tengd við íbúð í kjallara og 1. hæð á norðvesturhlið húss og rífa niður bílskúr á lóð nr. 3 við Sjafnargötu. Erindi var grenndarkynnt frá 6. nóvember 2019 til og með 4. desember 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Óskars Jónssonar íbúa að Sjafnargötu 1 dags. 27. nóvember 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2019. Bréf hönnuðar dags. 3. október 2019 fylgir erindi. Stækkun viðbyggingar eru: 57,1 ferm., 205,6 rúmm. Niðurrif bílskúrs er: 18,2 ferm., 45,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
19. **Fiskislóð 41, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190446
Skjalnr. 14160
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 22. júlí 2019 ásamt greinargerð dags. 19. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar - Örfirisey vegna lóðarinnar nr. 41 við Fiskislóð. Í breytingunni felst að hækka nýtingarhlutfall í 1,0 ofanjarðar, bygging á lóðinni megi fara í 14 metra að hluta í stað 12 metra, koma fyrir bílgeymslu í kjallara og samræma bílastæðakröfur samkvæmt bíla- og hjólastæðastefnu í Reykjavík, samkvæmt uppdr. DAP ehf. dags. 24. september 2019. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 9. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2019 til og með 3. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
20. **Hagamelur 50, (fsp) - Grafa niður pall og setja svalir - Svalahurð** (01.524.408) Mál nr. BN056887
Skjalnr. 14205
Sigurður Pétur Magnússon, Hagamelur 50, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að opna út í garð frá íbúð 0002 og grafa niður jarðveginn til að setja pall á lóð nr. 50 við Hagamel. Einnig er lagður fram tölvupóstur frá Veitum dags. 3. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
Ljósmynd fylgir.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.

21. **Sólvallagata 10, Forstofa, lengja** (01.160.318) Mál nr. BN056976
aðaltröppur, gluggar o.fl. Skjalnr. 14216
Árni Oddur Þórðarson, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík
Eyrún Lind Magnúsdóttir, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja nýja forstofu við norðurinnangang, lengja aðaltröppur, bæta við glugga til vesturs, síkka glugga á suðurhlíð kjallara, gera útskotsglugga á austurhlíð, með hurðum út á nýjan sólpall, skipta um klæðningu á þaki, taka niður núverandi skorstein og setja upp nýjan fyrir arinn og endurgera steypa veggja að götu í sömu mynd og fyrir eru á einbýlishúsalóð nr. 10 við Sólvallagötu, samkvæmt uppdr. ARGOS ehf. dags. 16. október 2019.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Tryggvagata 13, breyting á skilmálum** (01.117.4) Mál nr. SN190715
deiliskipulags Skjalnr. 8228
580814-0690 T13 ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Hildigunnur Haraldsdóttir, Tryggvagata 13, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Hildigunnar Haraldsdóttur dags. 29. nóvember 2019 ásamt bréfi Hildigunnar Haraldsdóttur og Þóris Gunnarssonar dags. 28. nóvember 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Tryggvagötu 13. Í breytingunni felst að heimilt er að nota allt að 1048,8 fm. íbúðarhúsnæðis eða allt að 23% af heimilu byggingarmagni ofan jarðar á lóð tímabundið sem hótélíbúðir, samkvæmt tillögu ódags. Einnig eru lögð fram bréf Hildigunnar Haraldsdóttur og Þóris Gunnarssonar dags. 31. júlí 2018, 1. nóvember 2018 og 20. desember 2018.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Baldursgata 10, Ofanábygging og svalir** (01.186.107) Mál nr. BN056581
Skjalnr. 6404
Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Ósk Vilhjálmisdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri, klædda bárujárni, ofan á núverandi hús á lóð nr. 10 við Baldursgötu. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi ehf. dags. 14. nóvember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2019 til og með 3. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, formaður húsfélagsins að Baldursgötu 12, dags. 28. nóvember 2019, Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson dags. 1. desember 2019, Friðþjófur Högni Stefánsson, Signý Ósk Davíðsdóttir, Sigurjón Gísli Helgason og Þóra Jónsdóttir dags. 3. desember 2019.
Erindi fylgir afrit í A4 af eldri samþykktum teikningum. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. september 2019.
Stækkun: 98,6 ferm., 250,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Laugavegur 73, 5 hæða verslunar- og íbúðarhúsnæði** (01.174.023) Mál nr. BN056638 Skjalnr. 6357
 460715-0320 Fiskistígur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 5 hæða steinsteypt hús auk kjallara með bílageymslu og stoðrymum, á 1. hæð verður verslun og þjónusta en 10 íbúðir á 2. - 5. hæð húss á lóð nr. 73 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti embættis byggingarfulltrúa dags. 25. nóvember 2019 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.
 Erindi fylgir ósamþykktur lóðauppdráttur nr. 1.174.0 dags. 28. nóvember 2017 og hæðablað dags. 18. júlí 2017, Skýringar hönnuðar dags. 26. september 2019, viljayfirlýsing eigenda að Hverfisgötu 92 - 94 dags. 26. september 2019, Mannvit - skýrsla um sambrunahættu dags. 26. september 2019, hljóðvistarskýrsla dags. 26. september 2019. Einnig bréf hönnuðar mótttekið 1. nóvember 2019 ásamt fylgiskjal með breytingum. Mannvit - skýrsla um sambrunahættu dags. 23. maí 2018 og útreikningar á kólunartölum frá hönnuði dags. 8. nóvember 2019. Gjald k. 11.200 + 11.200
Tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 25. nóvember 2019 lagður fram.
25. **Safamýri 89, Fjölgun eigna** (01.284.305) Mál nr. BN056942 Skjalnr. 13302
 Arngrímur Friðrik Pálmason, Rauðagerði 41, 108 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er leyfi til þess að fjölga íbúðum í fimm, þar af tvær ósamþykktar íbúðir í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 89 við Safamýri. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2019.
 Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2019.
26. **Selásbraut 98, Breytingar 1.hæð, 5 íbúðir 2.hæð** (04.385.901) Mál nr. BN056999 Skjalnr. 10656
 531198-2129 Selás-veislusalur ehf., Þverási 2, 110 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð, þannig að þrjár vinnustofur verði í bakrými og tvö verslunarrými sem snúa að götu, og efri hæð breytt úr verslun og þjónustu í fimm íbúðir á lóð nr. 98 við Selásbraut, Samkvæmt uppdr. Noland arkitekta ehf. ódags. Erindi fylgir afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2019. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Borgartún 8-16A, Katrínartún 2 - Breyting inni 7.-9 hæð.** (01.220.107) Mál nr. BN056961 Skjalnr. 5902
 681205-3220 HTO ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi skrifstofuhúsnæðis á 7.-9. hæð og til stækkunar á þaksvölum á 8. hæð í skrifstofuhúsi við Katrínartún 2, mhl. 03, á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.
 Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019 samþykkt.
28. **Brautarholt 6, Fjölgun íbúða - 3.hæð** (01.241.204) Mál nr. BN056997 Skjalnr. 11547
 670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055618 og fjölga íbúðum úr sex í átta, tvær stúdíóíbúðir, fimm tveggja herbergja íbúðir og ein fjögurra herbergja á 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark. Arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2019. Erindi fylgir mæliblað 1.241.2 dags. 13. október 1997, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019 og bréf hönnuðar dags. 26. nóvember 2019.

Gjald kr. 11.200

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

29. **Glæsibær 20, Byggja sólstofu** (04.351.508) Mál nr. BN056325
Skjalnr. 12116
Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturhlið íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíóíbúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibæ, samkvæmt uppdr. Akkur Arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Stórhöfði 15, (fsp) breyting á notkun 4. hæðar hússins** (04.038.8) Mál nr. SN190717
Skjalnr. 8384
Örn Helgason, Langagerði 120, 108 Reykjavík
580774-0329 Héðinsgata 10 ehf., Langagerði 120, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arnar Helgasonar dags. 2. desember 2019 ásamt bréfi dags. 26. nóvember 2019 um að breyta skrifstofurými á 4 hæð hússins á lóð nr. 15 við Stórhöfða og millilofti yfir 4. hæð í áfangaheimili með 22-24 herbergjum ásamt studioíbúð, eldhúsi, þvottahúsi, böðum og salernum.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Þingvað 37-59, (fsp) nr. 43 - breyting á notkun bílskúrs** (04.791.4) Mál nr. SN190669
Skjalnr. 11332
Guðmundur Óli Helgason, Þingvað 43, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Óla Helgasonar dags. 29. nóvember 2019 um breytingu á notkun bílskúrs að Þingvaði 43, lóð nr. 37-43 við Þingvað, og setja glugga í stað bílskúrshurðar
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Dragháls 18-26, Nýtt milliloft - hluti eldra millilofts fjarlæggt** (04.304.304) Mál nr. BN057014
Skjalnr. 14217
560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta hurðum á norðurhlið og fjarlægja hluta af millilofti auk þess sem komið er fyrir nýjum og stærri milliloftum í húsið nr. 18-26 við Dragháls á lóð Fossháls 17-25/Dragháls 18-26, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu ehf. dags. 31. júlí 2015 síðast br. 26. nóvember 2019.
Niðurrif er: XX ferm. Stækkun er : 271,9 ferm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
33. **Flugvallarvegur 5, Bílaleiga Flugleiða, staðsetning ökutækjaleigu** (01.619.6) Mál nr. SN190711
Skjalnr. 8412
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 28. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sigfúsar Bjarna Sigfússonar f.h. Bílaleigu Flugleiða (Hertz) um að reka ökutækjaleigu að Flugvallarvegi 5. Sótt er um leyfi fyrir 1005 ökutækjum í útleigu. Um er að ræða endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis: 16. janúar 2015 til 16. janúar 2020. *Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

34. **Gufunes, Jöfursbás 2, (fsp) innkeyrsla á lóð** (02.2) Mál nr. SN190697
Skjalnr. 7808
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
540802-2110 Kukl ehf., Krókhálsi 6, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Þorkels Magnússonar dags. 21. nóvember 2019 ásamt bréfi dags. 21. nóvember 2019 um fyrirkomulag á innkeyrslu á lóð nr. 2 við Jöfursbás. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019 samþykkt.
35. **Kjalarnes, Saurbær, stækkun spildunnar** Mál nr. SN180459
Skjalnr. 10160
Skarðarás og breyting á nýtingu lóðar
Birgir Örn Guðmundsson, Blásalir 22, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lagt fram bréf Birgis Arnar Guðmundssonar hdl. f.h. Steins Björgvins Jónssonar og Höllu Margrétar Óskarsdóttur dags. 19. júní 2018 um stækkun spildunnar Skarðarás í landi Saurbæjar á Kjalarnesi ásamt breytingu á nýtingu lóðar úr lóð fyrir aðveitustöð í lóð til íbúðar, samkvæmt uppdr. K.J. Ark teiknistofu dags. 15. nóvember 2019. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 7. júní 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019.
Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á lóðarmörkum varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags.4. desember 2019.
36. **Koparsléttu 6-8, breyting á deiliskipulagi** (04.533.8) Mál nr. SN190708
Skjalnr.
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
700402-7890 Malbikunarstöðin ehf., Spóahöfða 18, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lögð fram umsókn VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 27. nóvember 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst að heimilt er að starfrækja malbikunarstöð á lóðinni, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 29. nóvember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.
37. **Krókháls 11, staðsetning ökutækjaleigu** Mál nr. SN190712
Skjalnr. 11856
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 28. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Jónasar Guðbjörnssonar f.h. Öskju bíla ehf. um að reka ökutækjaleigu

að Krókhálsi 11. Sótt er um leyfi fyrir 83 ökutækjum í útleigu. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2019 samþykkt.

38. **Háaleitisbraut 68, breyting á deiliskipulagi** (01.727.3) Mál nr. SN190565
Skjalnr. 6134

470700-3350 Íshamrar ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram umsókn Kristjáns Bjarnasonar dags. 19. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háaleitisbrautar-Hvassaleitis vegna lóðarinnar nr. 68 við Háaleitisbraut. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit við vesturhlið 1. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. ARK-AUST dags. 6. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

39. **Hverfisgata 46, (fsp) rekstur gististaðar** (01.172.0) Mál nr. SN190718
Skjalnr. 8146

671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf. dags. 3. desember 2019 ásamt bréfi dags. 2. desember 2019 varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

40. **Kópavogur, skipulagslýsing - breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2012- 2024 og nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190722
Skjalnr. 8439

700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 3. desember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu dags. 11. nóvember 2019 vegna framkominnar tillögu um breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi sama svæðis. Í breytingunni felst þróun á Fannaborgarreit og Traðarreit-vestur, fyrir þéttingu byggðar.

Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:25.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir